



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

26. maí 2011
21. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
Opíð: MÁN.-FÖS. 7-17



Veiðimaður af guðs náð

„Landið stækkar ekkert þó veiðimönnum fjölgi,“ segir veiðimaðurinn og leiðsögumaðurinn Róbert Schmidt, sem segir menntun nýrra veiðimanna ábótavant. Á miðopnu í dag segir hann frá uppvaxtarárum í sælunni á Suðureyri, ævintýraferðum um Grænland og veiðiáhuga sínum sem ryðst sífellt fram fyrir önnur áhugamál.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi



Erfiðlega hefur gengið að selja eignir þrotabús Eyrarodda. Ljósni: © Mats Wibe Lund.

Málefni fiskvinnslunnar á Flateyri enn í hnút

„Samningarnir ganga ágætlega og stefnan er sú sama. Toppfiskur vill eignast vinnsluhúsin og hefja þar vinnslu,“ segir Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs Bygðastofnunar. „Hins vegar höfum við ítrekað farið fram á að leigusamningur Lotnu ehf., á fiskvinnslunni verði gerður upp. Það er forsenda þess að við getum komist inn í húsin, en þau hafa orðið fyrir tjóni í vetur og liggja nú undir skemmdum. Það hefur hins vegar ekki orðið að því ennþá,“ segir Hjalti, sem ekki segist kunna skýringar á þessum tölum. „Þetta hefur gerst þrátt fyrir að Lotnumenn hafi orðið uppvísir að því að reyna selja eignir úr búinu. Upp úr páska-um fréttum við frá manni sem

hafði skoðað tæki, sem tilheyrir búinu, en honum hafði verið boðið tækin til sölu. Við teljum það verk skiptastjóra að rýma eignirnar áður en þær eru afhentar okkur sem veðhöfum.“ segir Hjalti.

Friðbjörn E. Garðarsson, skiptastjóri þrotabús Eyrarodda, segir meinta sölutilraun á tækjum úr þrotabúinu hafa verið misskilningur sem hafi verið leiðréttur um hæl. Hann segir ekki standa til að segja upp leigusamningum við Lotnu á meðan enn sé óvissa um sölu á eignunum. „Lotna hefur lagt fram fullnægjandi tryggingar fyrir leigunni og leigusamningurinn verður gerður upp þegar framhaldið er komið betur í ljós. Leigusamningurinn var gerður eftir að ágreiningur á milli Bygðastofnunar og Lotnu kom upp.

Menn voru sammála um, í ljósi þess að sala á eignunum myndi tefjast, að best væri að raska sem minnst starfsemi vinnslunnar. Og það sjónarmið stendur enn,“ segir Friðbjörn.

Bygðastofnun hefur átt í viðræðum við fiskvinnslufyrirtækið Toppfisk í nær tvo mánuði en engin niðurstaða er komin í málid. Ýmislegt hefur orðið til þess að seinka viðræðunum, til að mynda vandkvæði er varða skráningu og þinglýsingu á fasteignum þrotabúsins. Samkvæmt upplýsingum BB er þó niðurstaða í sjónmáli í þeim málum.

Erfitt er að átta sig á hvað veldur tölum á samningunum en leiða má líkum að því að Topp-

fiskur setji það fyrir kaupunum að Lotna skuli enn vera með starfsemi í húsunum og deilur séu uppi um eignarhaldið. Ef hvorki er hægt að ganga frá sölu á eignunum til Toppfisks né Lotnu, eins og staðan er nú, kemur ein önnur leið til greina. Bygðastofnun getur leyst til sín allar eignir þrotabúsins, einnig þær eignir sem ekki eru veðsettar stofnuninni, og í framhaldinu gengið til sölusamninga. Gagnvart mögulegum kaupanda yrði þá óvissan um eignarhaldið úr sögunni. Þetta myndi þó ekki leysa ágreining Bygðastofnunar og Lotnu ehf. um hvort stofnuninni hafi verið heimilt að stöðva söluna á sínum tíma.

– kte@bb.is

Fleiri rekstrartruflanir

Skráðar rekstrartruflanir hjá Orkubúi Vestfjarða á síðasta ári voru 227 samanborið við 210 árið á undan. Bilanir í heitaveitukerfum Orkubúsins voru alls 13 á árinu en voru 20 árið áður. Flestar voru bilanirnar í Bolungarvík eða fjórar, þrjár á Ísafirði og á Patreksfirði og tvær á Suðureyri. Rekstrartruflanir í raforkukerfinu urðu alls 214 á árinu en voru 190 árið áður. 105 voru fyrirvaralausar eða fyrirvaralitlar og 109 vegna viðhalds.

Sjö truflanir urðu frá orkugjafa að rafalaúrtaki, 174 frá rafalaúrtaki að lágspennuvafi dreifispennis og 33 frá lágspennuvafi dreifispennis að raflögn notenda. Fimm fyrirvaralausar truflanir urðu á flutningskerfi Landsnets á Vestfjörðum.

Frá þessu er greint í árs-skýrslu Orkubús Vestfjarða.

Ljóð og litlar vísur Birkis

Birkir Friðbertsson frá Birkihlíð í Súgandafirði hefur gefið út bókina Ljóð & litlar vísur. Birkir segir að efni bókarinnar hafi fyrst og fremst verið tómstundargaman og hafi aldrei verið ætlað útgáfu.

Bókin ætti að falla sérstaklega vel í kramið hjá staðkunnugu fólki á norðanverðum Vestfjörðum en meðal annars er að finna Minni Súgandafjarðar og vísur frá Lions- og kvenfélagaskemmtunum á svæðinu.

Birkir er fæddur í Botni í Súgandafirði og bjó þar með fjölskyldu sinni þar til 1966 ásamt foreldrum hans. Nýbýli stofnaði hann ásamt konu sinni 1958 og nefndi þá jörð Birkihlíð.

Rúmlega 400 tonn flutt til urðunar

Ljóst er að fleiri ruslatunnur verða afhentar íbúum Ísafjarðarbæjar en talið var. Gert var ráð fyrir 1.000 tunnum en þær verða væntanlega 1.200 talsins að því er fram kom á fundi nefndar sorpmála í sveitarfélaginu. Þar voru lagðar fram upplýsingar um heildarmagn sorps fyrir mánuðina janúar-apríl. Alls hafa verið flutt til urðunar 413 tonn af sorpi frá heimilum og fyrirtækjum eða 30% af áætluðu magni. Inn á mótökustöð Funa hafa komið 60 tonn af timbri og 270 tonn af

blönduðum úrgangi. Á söfnunarsaði hafa komið 15 tonn af timbri, 20 tonn af almennu sorpi og 5 tonn af brotamálum.

Frá 16. apríl til 30. apríl voru vigtuð inn alls 21 tonn af almennu sorpi og 3,3 tonn af endurvinnsluefnum frá heimilum. Endurvinnsluefni eru því um 14% af heildarmassa. Auk þess hafa komið inn 1,8 tonn af heyrulluplasti. Nefndin benti á, að flokkunarkerfið er rétt að fara í gang og því ættu tölur fyrir maí að gefa betri mynd af flokkunarangri. Nefndin

lýsti ánægju sinni með þróun mála og lagði til að flokkunarangur verði birtur reglulega á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Nefndin ræddi jafnframt gjaldskrá fyrir förgun, móttöku og flokkun sorps í Ísafjarðarbæ. Lögðu nefndarmenn til að gjald fyrir almennt sorp verði 33 kr./kg, gjald fyrir timbur verði 17 kr./kg og nýr gjaldflokkur fyrir steinefni frá framkvæmdum verði 5 kr./kg. Gjaldfrjálst verði fyrir heimili allt að 1 m³, sjá gjaldskrá. Þá lagði nefndin til við

verktaka að íbúar sveitarfélagsins verði heimsóttir eins fljótt og mögulegt er, þar sem sorpflokkun verði kynnt enn frekar.

Umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar kynnti á fundinum stöðu mála á útgáfu sorpbæklings, sem verður á nokkrum tungumálum. Bæklingurinn verður aðgengilegur á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og prentuð eintök á bæjarskrifstofu og bensínstöðvum.

Samkvæmt upplýsingum frá Kubbi ehf. á Ísafirði mun sorphirða frá heimilum vera þannig,

að aðra hverja viku verður endurvinnsluefni tekið og aðra hverja viku almennt heimilssorp. Tímaplanið er eftirfarandi: Mánuðagar: Eyrin og efri bær á Ísafirði. Þriðjudagar: Holtahverfi og Hnífsdalur. Miðvikudagar: Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Spurst var fyrir um sorpmál á tjaldsvæðum og hafnarsvæðum Ísafjarðarbæjar. Umhverfisfulltrúi upplýsti að á tjaldsvæðum yrðu settir gámar og kör þar sem allt sorp verður flokkað.

– thelma@bb.is

Samkaup**úrval**

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 26. - 29. maí

**40%
kaup!**~~1.498~~**899** kr/kg**Svínakótilettur**

úr kjötbörði eða pakkaðar ferskar

**34%
kaup!**~~1.498~~**989** kr/kg**Svínahnakki úrbeinaður**

úr kjötbörði eða pakkaður ferskur

**35%
afsláttur****Svínalundur 1.429** kr/kg

verð áður 2.198 kr/kg

**36%
kaup!****Svínagúllas 989** kr/kg

verð áður 1.545 kr/kg

**50%
afsláttur****Ananas 175** kr/kg

verð áður 2.198 kr/kg

**Góð
kaup!**~~1.989~~**1.599** kr/kg**Grill lambalærisssneiðar**

BBQ eða með salti og pipar, frá Kjötseli

**Góð
kaup!**~~99~~**79** kr/ds**Pepsi og Pepsi Max**

33cl dós

**Góð
kaup!****Hrískökur 199** kr/pk

með dökku og ljósu súkkulaði

verð áður 259 kr/kg

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir
á samkaupurval.is



Patreksfjörður. Ljós: Mats Wibe Lund.

Lægsta fasteignamatið á Patreksfirði

Fasteignamat er mjög mismunandi á landinu samkvæmt útreikningi sem Bygðastofnun fékk Þjóðskrá Íslands til að gera. Lægst er matið á Patreksfirði og í Bolungarvík af þeim þéttbýlisstöðum sem skoðaðir voru en viðmiðunareignin var einbýlishús sem er 161,1m² að grunnfleti

og 351m³. Stærð lóðar er 808m². Fasteignamat húss og lóðar á höfuðborgarsvæðinu, miðað við meðaltal, er 30,1 milljón og hefur lækkað úr 34,2 milljónum árið 2009. Af þeim þéttbýlisstöðum sem skoðaðir voru utan höfuðborgarsvæðisins er matið hæst á Akureyri, 23,8 milljónir og í

Keflavík 22,6 milljónir. Hafa Akureyri og Keflavík sætaskipti á listanum.

Matið á Patreksfirði er 7,8 milljónir og 8,9 milljónir í Bolungarvík. Á Siglufirði er það 9,0 milljónir. „Það er því ljóst að fasteignamatið er mishátt þó heldur hafi dregið saman. Á það bæði við um lóðarmat og húsmat. Ástæða þess að saman dregur er sú að matið lækkar mest þar sem það var hæst. Nú er lægsta mat 26% af hæsta mati en í fyrra var munurinn 23%,“ segir á vef Bygðastofnunar.

Þegar horft er á fasteignagjöld-

in breytist myndin verulega. Tekið skal fram að hér er horft til allra svokallaðra fasteignagjalda, það er fasteignaskatts, lóðarleigu, fráveitugjalds, vatnsgjalds og sorpgjalds. Meðaltalið á höfuðborgarsvæðinu gefur ekki hæstu fasteignagjöldin. Því valda álagningarreglur einstakara sveitarfélaga. Gjöldin eru nú hæst á Ísafirði, 263 þúsund en lægst á Patreksfirði, 137 þúsund. Gjöldin á Patreksfirði eru því rétt rúmlega 50% af gjöldunum á Ísafirði. Þarna hefur líka dregið saman með hæstu og lægstu gjöldum.

Rétt er að taka fram að sveitar-

félög veita mismunandi þjónustu til dæmis hvað varðar sorpurðun og förgun og sums staðar er rúkkad fyrir þjónustu sem er innifalin í gjöldum annars staðar. Þá er og rétt að vekja athygli á því að á einstaka stað er fasteignamat mismunandi eftir hverfum í framangreindum stöðum. Loks er ástæða til að vekja athygli á því að í sveitarfélögum með fleiri en einn þéttbýliskjarna er fasteignamatið mjög mishátt eftir kjörnum og þar með fasteignagjöldin. Sama á við um dreifbýli landsins.

– thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

LEIKSKÓLASTJÓRI Á EYRARSKJÓLI

Auglýst er eftir leikskólastjóra við leikskólann Eyra-Skjalafellur. Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2011. Eyra-Skjalafellur er þriggja deilda skóli með börn á aldrinum 1-6 ára og vinnur samkvæmt Hjallastefnunni. Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á heimasíðu leikskólans <http://www.leikskolinn.is/eyrarskjalafellur>.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans, hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum, skipuleggja foreldrastarf, stýra rekstri skólans á grundvelli fjárhagsáætlunar, bera ábyrgð á starfsmannamálum og skipuleggja tengsl skólans við aðila utan hans.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun skilyrði og viðbótar menntun í stjórnun æskileg.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Þekking á rekstri.
- Góð tölvukunnátta.
- Lipurð og sveigjanleiki í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 2. júní 2011.

Umsóknir skulu berast til Margrétar Geirsdóttur, sviðsstjóra Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Sviðsstjóri veitir nánari upplýsingar í síma 450 8000 eða á netfanginu margret@isafjordur.is.

Fiskur orðinn munaðarvara

Verð á fiski í verslunum landsins hefur hækkað um 93,3% frá árinu 2000 að því er fram kemur í undirvísitölu matar og drykkjar í neysluverðsvísitölu sem birt er á vef Hagstofu Íslands. Til samanburðar má nefna að vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 78% á sama tímabili. Fjallað er um hækkan á nokkrum matvörulíðum í Morgunblaðinu og þar kemur fram að fiskur er sú matvara sem hækkað hefur mest á liðnum áratug.

Aðrar vörur sem hækkað hafa mikið eru kaffi sem hefur hækkað um 78% á sama tímabili. Verð á kjöti hefur hækkað minnst, eða um



Fiskverð hefur nær tvöfaldast á liðnum áratug.

tæp 48%, en næst koma ávextir með um 52% hækkan. Ólafur Júlíusson, innkaupastjóri hjá Krónunni, segir hátt verð erlendis og lágt gengi krónunnar vera

megin skýringuna á miklum verðhækkunum. „Fiskur hefur snarhækkað í verði. Hann er orðinn munaðarvara. Það er slegist um hvert kíló,“ segir Ólafur.

Við Djúpið í samtari við Rás 1

Á undanförunum árum hefur Rás 1 og tónlistarhátíðin Við Djúpið átt í nánú samstarfi. Rás 1 hefur tekið upp tónleika hátíðarinnar og sent út auk þess að senda reglulega út beint frá hátíðinni. „Það er einstaklega ánægjulegt fyrir Rás 1 að taka þátt í svona metnaðarfullri hátíð þar sem unga fólk er í forgrunni og fær að njóta sín, bæði sem flytjendur og tónskáld,“ segir Bergljót Haraldsdóttir, verkefnisstjóri tónlistar á Rás 1. Rás 1 á nú, þriðja árið í röð, í samstarfi við hátíðina um verkefnið *Leit að nýjum tón-*

skáldum. Þátttaka útvarpsins skiptir miklu máli fyrir verkefnið og þau nýju tónskáld sem taka þátt, þar sem það er ekki á hverjum degi sem ný tónskáld fá verk sín flutt af framúrskarandi tónlistarfólki í útvarpi. „Það hefur skipt verkefnið sköpum að hafa Rás 1 með og með því fæst faglegur blær sem er dýrmætur“, segir Greipur Gíslason, framkvæmdastjóri hátíðarinnar.

Bergljót segir hátíðina vera sérstaka fyrir margra hluta sakir og vera gott útvarpsefni. „Það er mikil stemmning að koma á Ísa-

fjörð og fylgjast með menningunni sem þar blómstrar í dásamlegri náttúruferð og miðnætursól. Við þessar sérstöku aðstæður hefur skapast vettvangur fyrir listafólk til að gera sitt allra besta og umgjörð hátíðarinnar er kjörin til að leysa úr læðingi tónlistargaldra sem Rás 1 hlakkar til að miðla til landsmanna allra.“

Tónlistarhátíðin Við Djúpið fer fram dagana 21. - 26. júní. Rás 1 sendir meðal annars beint út frá lokatónleikum hátíðarinnar í Hömrum, sunnudaginn 26. mars kl. 16, strax að loknum fréttum.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



BONUS PYLSUR 10 STK 599 kr.kg
BONUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 129 kr.



OS GOTTI OSTUR

**25%
AFSLÁTTUR
VIÐ KASSA**



1017 KR.KG

MERKT VERÐ 1356 KR.KG.



129 KR. 385g

MYLLU
HEIMILISBRAUÐ HÁLFT



459 KR. 960g

HOLTA ELDAÐIR
KJUKLINGAVÆNGIR



EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR
HÁLFUR LÍTRI

98 KR.

25 000

DÓSIR Í BOÐI Á
ÞESSU VERÐI



498 KR.PK

FROSIN JARÐARBER 12000g
FROSINIR MANGÓBITAR 1000g



198 KR.PK

FROSIN SMÁBRAUÐ 9 STK.



129 KR.DS

BONUS SMYRILL 300g



Gosdrykkir í 33cl dösúm 69 kr.stk



1298 KR.KG

K.S FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



398 KR.



1198 KR.KG

K.S FROSINAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR



1398 KR.KG

ÞÝSKAR GRÍSAÐUNDIR FROSINAR
ENGINN AFSLÁTTUR BARA GOTT VERÐ



159 KR.



1598 KR.



359 KR.



1998 KR.KG

ÞÝSKAR KALKÚNABRINGUR FROSINAR
ENGINN AFSLÁTTUR BARA GOTT VERÐ

Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins **998 kr.bakkinn**



BONUS
HEILSURÉTTUR



BONUS
BURRITOS 4 STK



PARF
AÐEINS
AÐ HITA!



BONUS
ÍTALSKT LASAGNE



BONUS
ÍTALSKAR KJÓTBOLLUR

527 9000

BONUS BÝÐUR BETUR



Tomme Ameobi var í fremstu víglínu í leiknum á laugardag.

Sigur gegn Haukum

BÍ/Bolungarvík sigraði lið Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði á laugardag með tveimur mörkum gegn einu. Tomme Ameobi og Michael Abnett skoruðu fyrir BÍ. Þar með náði liðið í sín fyrstu þrjú stig í 1. deildinni. Í samtali við Fótbolta.net sagði þjálfarinn Guðjón Þórðarson, að sigurinn hefði að mörgu leiti verið sanngjarn og yfirvegaður.

„Mér finnst Haukaliðið sterkt og það er erfitt að brjóta þá niður. Ég átti von á erfiðum leik og fyrirfram hefði maður eflaust gefið sér það að maður hefði verið sáttur við jafntefli en eftir að við fengum stöðu í síðasta leik sem ég var ósáttur við og tapa heima, vildum við reyna að rífa okkur upp og sækja til sigurs. Það gekk eftir.“

Spurningin

Hyggst þú flytja á milli landshluta á næstu mánuðum?

Alls svöruðu 569.

**Já sögðu 67 eða 12%
Nei sögðu 458 eða 80%
Óvíst sögðu 44 eða 8%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðaustanátt og rigning sunnan- og vestanlands, en annars þurr og víða bjartviðri. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugardag:**

Útlit fyrir austlæga átt og vætu með köflum í flestum landshlutum. Hiti 5-10 stig. **Horfur á sunnudag:**

Útlit fyrir austlæga átt og vætu í flestum landshlutum. Hiti 5-10 stig.



Suðureyri við Súgandafjörð. Ljós: © Mats Wibe Lund.

Óvissan er helsti óvinurinn

Fiskvinnslufyrirtækið Íslands-saga er burðarásinn í atvinnulífi Suðureyrar. Fyrirtækið gerir út þrjá krókaafلامarksbáta og rekur fiskvinnslu á staðnum. Starfsmenn fyrirtækisins eru um sjötíu. Óðinn Gestsson framkvæmdastjóri segir að kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar skapi klárlega óvissu í starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja landsins. „Það liggur ekki fyrir hvaða reglur koma til með að gilda varðandi úthlutanir úr þessum pottum sem verða búnir til.

Hvað okkar fyrirtæki varðar gæti byggðapotturinn hugsanlega komið okkur til góða, en eins og ég segi hafa leikreglurnar ekki verið mótaðar. Það er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin úthluti veiðiheimildum úr byggðapottinum, hvaða reglur þær setja sér er alveg óskrifað blað,“ segir Óðinn.

„Sömu sögu er að segja um strandveiðarnar og leigu á veiðiheimildum, þessar leiðir hafa ekki verið útfærðar. Íslensk sjáv-

arútvegsfyrirtæki hafa mátt búa við óvissu um framtíðina frá því núverandi ríkisstjórn var mynduð og ég get ekki séð að með þessum frumvörpum hafi staðan breyst, það á eftir að útfæra svo marga stóra og mikilvæga þætti í þessum frumvörpum.“

Óðinn bendir á að núverandi fyrirkomulag hafi tekið breytingum á undanförunum árum. „Það kerfi var ekki fullkomið í upphafi og ýmsir agnár hafa verið sniðnir af kerfinu. Ef þessi

frumvörp verða að veruleika endurtekur sagan sig örugglega með tilheyrandi orðaskaki fram og til baka. Þessi grein er ekkert öðruvísi en aðrar, það verður að vera hægt að gera áætlanir nokkur ár fram í tímann. Það eina sem vitað er í dag að til stendur að innkalla veiðiheimildir í framtíðinni og úthluta þeim með öðrum hætti. Þessi sífellda óvissa er helsti óvinurinn og dregur hægt og sígandi úr manni kraftinn,“ segir Óðinn Gestsson. — *thelma@bb.is*

Ritstjórnargrein

Miklir hagsmunir í húfi

Þótt ýmsum hafi þótt fyrirheitin í þágu Vestfirðinga, á fundi ríkisstjórnarinnar á Ísafirði í byrjun apríl, rýr í roðinu, er yfirlýsingin um að niðurskurðurinn í fjárveitingum til vegagerðar nái ekki til framkvæmda á Vestfjörðum af hinu góða. Það er skref í þá átt sem álykt að var á fundi um atvinnumál í fjórðungnum, sem fram fór í byrjun mánaðarins, þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þess að ljúka samtengingu norður- og suðursvæða Vestfjarða: „Eitt atvinnu- og byggðasvæði opnar leið til að snúa við byggðapröun og efla fjórðunginn á eigin forsendum. Samtenging svæðanna tveggja er það afdrifarík að hún á heima í hópi verkefna sem ríkið hyggst vinna á næstu árum en greiða á löngum tíma að framkvæmdum loknum. Er þess vænst að svo verði og eru Vestfirðingar reiðubúnir til þess að stofna hlutfélag um framkvæmdina og vinna með ríkisvaldinu eftir því sem þörf krefur.“

Vestfirskar byggðir munu ekki ná fyrri stöðu hvað varðar fiskveiðar og vinnslu sjávarafurða. Því er lífsnauðsyn að horft verði til annarra stórra atvinnuþátta, ígildi stóriðju. Má í því sambandi nefna alþjóðlega umskipunarhöfn fyrir íshafssiglingar, sem ekki er spurning um hvort, heldur hvenær komi, en Dýrafjörður er einn þeirra staða sem talinn er koma til greina í því sambandi. Þá hefur Hvesta í Arnarfirði verið í umræðunni sem hentugur staður fyrir stóriðju. (Þegar búið

verður að tryggja Vestfirðingum sama aðgang að raforku og öðrum landsmönnum!) Vestfirðir sem eitt atvinnu- og byggðasvæði er forsenda þess að slík stórvirki gagnist fjórðungnum öllum. Fram hjá því verður ekki horft.

„Strandsiglingar eru mikið hagsmunamál fyrir alla sem búa á landsbyggðinni. Það er einbeittur vilji okkar sem sitjum í nefndinni að koma strandsiglingum á,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, en hann er formaður nefndar sem hefur því hlutverki að gegna að koma á strandsiglingum í tilraunaskyni. Ofurkapp var lagt á það á sínum tíma að leggja niður strandsiglingar. Hvaða hagsmunagæsla lá þar að baki skal ósagt látið. Eitt er víst að gjörningurinn er búinn að vera landsbyggðinni afar dýrkeyptur, almenningi og fyrirtækjum. Dæmin því til sönnunar eru mýmörg um allt land. Nærtækar eru upplýsingar stjórnarformanns rækjuverksmiðjunnar Kampa ehf. um árlegan flutningskostnað á hráefni til fyrirtækisins. Í þessu máli hafa hagsmunir fjöldans og fárra stangast á og öfgar oft en ekki verið uppistaða varna fyrir tilvist strandsiglinga: Vilja menn snúa aftur til fortíðar og senda blóm með skipum landshorna á milli? Margra mat er að reglubundnar strandsiglingar séu mikilvægar. Ef ekkert verður að hafst muni flutningskostnaður kollvarpa hverju landsbyggðarfyrirtækinu á fætur öðru. — *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgoðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, *kte@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

SÁTT

Fagmennska í stóriðju snýst um sátt. Sátt á hnattræna vísu og sátt við samfélagið í kring. Sátt við stjórnvöld, viðskiptavinum og starfsfólk. Sátt við lífríki náttúrunnar og það jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli nýtingar náttúruauðlinda til verðmætasköpunar og verndunar þeirra fyrir ágangi og eyðileggingu.

Elkem á Íslandi nýtur góðs af þekkingu og metnaði í baklandi sínu hjá Elkem AS sem með vönduðum verkferlum og öflugum þróunarstarfi leitar viðtækrar sáttar um starfsemi sína víða um heim. Eftir ríflega þrjátíu ára rekstur verksmiðjunnar á Grundartanga er Elkem á Íslandi stolt af því að vera á meðal flaggskipanna í flota Elkem. Með öryggi og fagmennsku að leiðarljósi leggjum við mikilvægt lóð á vogarskálar sáttar um framleiðslu hágæða málmblendis fyrir heimsbyggðina alla.



Gengið frá ráðningu sviðsstjóra

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ráða Margréti Halldórsdóttur, íþrótt- og tómstundafulltrúa í stöðu sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs sveitarfélagsins. Tillagan var samþykkt með fimm atkvæðum meirihlutans gegn fjórum atkvæðum Í-listans. Fulltrúar Í-listans átöldu vinnubrögð við mat og úrvinnslu á umsóknum þeirra fjögurra kvenna sem helst þóttu koma til greina, en þær voru auk Margrétar, Jóna Benediktsdóttir fyrrum aðstoðarskólalastjóri á Ísafirði, Sigurlína Jónasdóttir leikskólafulltrúi og Kristín Ósk Jónasdóttir grunnskólafulltrúi. Tillaga Í-listans um að fresta málinu og fá annan óháðan fagaðila til að leggja mat á umsækjendur var felld.

Mikill styr hefur staðið um tillögu meirihlutans að ráða Margréti í stöðuna. Fulltrúar meirihlutans sögðu sömu vinnubrögð hafa verið í ráðningarferli sviðs-



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

stjóra Skóla- og tómstundasviðs og verið hafa í öllum ráðningum núverandi meirihluta frá upphafi kjörtímabilsins. Fulltrúi Í-listans

sagði hins vegar að matsaðferðir sem notast var við í ráðningarferlinu hafi verið sérstaklega smíðaðar til að hygla einum um-

sækjenda umfram aðra, og ekki í neinu samræmi við umfang og ábyrgð sem sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs þarf að hafa.

Á sama fundi var Jóhann Birkir Helgason ráðinn sviðsstjóri framkvæmda- og eigna-sviðs Ísafjarðarbæjar með níu atkvæðum.

Farið verði yfir ráðningarmál

Albertína F. Elíasdóttir, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Ísafjarðarbæ, segir það mjög leitt hvernig umræða um ráðningu sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs hefur þróast á undanförunum vikum og dögum. Sömuleiðis sé leitt hvernig Capacent hefur að hluta til brugðist í sínu hlutverki. „Í ljósi þessarar reynslu mun ég á næstu dögum ræða í meirihlutunum, sem og við minnihlutann, ráðningar sveitarfélagsins og taka það upp á vettvangi bæjarráðs og bæjarstjórnar, hvort

ástæða sé til að fara yfir feril ráðningamála hjá sveitarfélaginu og leita leiða til að gera ráðningarferlið skýrara, gegnsærra og skilvirkara,“ segir í tillögu sem hún lagði fram er rétt var um ráðningu nýs sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar.

Albertína lagði til að skipaður yrði þriggja manna starfshópur úr hópi bæjarstjórnar, auk bæjarstjóra, til að fara yfir þessi mál og leggja fram tillögu að vinnulagi eigi síðar en á fyrsta bæjarstjórnarfundum eftir sumarfrí. Lína

Björg Tryggvadóttir, bæjarfulltrúi Í-listans, lagði til að fengið yrði annað mat hjá öðru ráðgjafafyrirtæki og það fyrirtæki myndi ræða við þá fjóra aðila, sem voru metnir hæfastir af Capacent. Sú tillaga var felld með fimm atkvæðum gegn fjórum.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Í-listans, lagði þá fram svohljóðandi bókun: „Bæjarfulltrúum Í-lista þykir leitt, að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks skuli slá á þá sáttahönd sem fram hefur verið

borin, um að fá nýtt mat á hæfi umsækjenda, til að fá úr því skorð hvort staðið hafi verið faglega að mati umsækjenda. Það var von okkar fulltrúa Í-listans, að samstaða næðist um það, að ástunda fagleg vinnubrögð og leita til nýs matsaðila í ljósi þeirra ágalla, sem hafa komið fram í mati Capacent.“

Eftir að samþykkt var að Margrét Halldórsdóttir yrði ráðin í stöðuna lögðu bæjarfulltrúar minnihlutans fram svohljóðandi bókun: „Í-listinn telur að engar

nýjar upplýsingar varðandi mat á hæfi umsækjenda um stöðu sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs hafi komið fram frá því að málið var tekið fyrir í bæjarráði 2. maí sl. og tekur heilshugar undir bókun Örnú Láru Jónsdóttur, fulltrúa Í-listans í bæjarráði, þar kemur fram, að ekki hafi verið staðið faglega að ráðningunni og að hún sé ekki tekin með hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi,“ segir í bókun minnihluta bæjarstjórnar.

— thelma@bb.is

Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins

Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins á Ísafirði, MV Athena, lagðist að bryggju við Sundahöfn í byrjun síðustu viku. Þar með hófst skemmtiferðaskipavertíðin og segir Kristjana Milla Snorradóttir, framkvæmdastjóri Vesturferða, sumarið leggjast vel í starfsmenn fyrirtækisins sem hefur í árafjöld tekið á móti skipunum.

„Það eru 35 skip bókuð í sumar sem er met og nú líta bókanir vel út fyrir næsta ár. Miðað við þær má búast við að met verði slegið aftur 2012.“ Milla segir að búast megi við annríki í júlí en þá eru flest

skipin bókuð. „Einn daginn, þann 14. júlí, eru þrjú skip væntanleg. Það verður því fjörukt mannlífið í bænum þann daginn.“

Mikið er um stór skip í sumar. „Fimm skip eru með rúma þúsund eða fleiri farþega. Það næst stærsta kemur í þessari viku og það allra stærsta kemur 14. júní þannig að sumarið byrjar mjög stórt og lætur reyna á ferðaljóna og bæjarbúa strax,“ segir Kristjana Milla. „Annars er mikið um góðkunningja okkar sem hafa oft komið áður. Þýsku- og enskumælandi ferðamenn eru í meirihluta þeirra sem koma með skipum sumarsins.“



MV Athena frá Portugal var fyrsta skip sumarsins.

Stuðningur við BÍ/Bolungarvík í nýjan búning



Steinn Kjartansson, fulltrúi Landsbankans, og Gunnar Már Eliasson fyrirliði BÍ/Bolungarvíkur, færa Sigurði Ólafssyni, formanni Sigurvonar, hálftrar milljón króna styrk.

Samfélag í nýjan búning er stefna okkar um stuðning við íþróttafélög. Bankinn afsalar sér öllum merkingum á búningum og býður félögum að velja gott málefni til að setja á búninga sína í staðinn. Samhliða er stofnaður áheitasjóður fyrir málefnið og félagið. Markmiðið er að tengja saman stuðning bankans við íþróttir og mannúðarmál.

Landsbankinn er stoltur bakhjarl knattspyrnu-deildar BÍ/Bolungarvíkur. Bankinn hefur afsalað sér auglýsingum á búningum liðsins og boðið félaginu að velja sér gott málefni til að setja á búningana í staðinn. BÍ/Bolungarvík valdi Krabbameinsfélagið Sigurvon og merki félagsins mun því prýða búninga félagsins næstu ár.

Landsbankinn kynnti í haust nýja stefnu í stuðningi bankans við íþróttafélög undir yfirskriftinni Samfélag í nýjan búning. Markmiðið er að tengja saman stuðning bankans við íþróttir og mannúðarmál. Átján íþróttafélög og átján málefni taka þátt í samstarfi við Landsbankann um Samfélag í nýjan búning.



Frá undirskrift samstarfssamnings Landsbankans og BÍ/Bolungarvíkur.

Áheitasjóður stofnaður

Stofnaður verður áheitasjóður fyrir Krabbameinsfélagið Sigurvon og greiðir bankinn tiltekna upphæð fyrir hvern sigur meistara-flokka karla og kvenna á Íslandsmótinu í knattspyrnu. Öðrum fyrir-tækjum og einstaklingum er frjálst að heita

á liðið sitt og leggja þannig góðu málefni lið. Í tilefni af þessu hefur Landsbankinn fært Krabbameinsfélaginu Sigurvon 500.000 kr. styrk.

Íþróttir geta sannarlega verið gefandi. Sigur BÍ/Bolungarvíkur er ávinningur fyrir Sigurvon.



Fyrst og fremst veiðimaður

Súgfirðingnum Róberti Schmidt er veiðimennskan í blóð borin. Þó hann hafi fjölmörg áhugamál sem hann reynir að sinna jöfnum höndum segir hann veiðimennskuna einatt ryðjast fram fyrir og krefjast athygli hans. Í dag starfar hann sem leiðsögumaður fyrir Hvíldarklett á heimaslóðum á Suðureyri, þar sem hann segir hafa verið hreinasta himnaríki fyrir lítinn dreng að alast upp.

Lifðu á harðfiski og hundasúrum

„Ég er fæddur á Suðureyri 12. apríl 1965. Við erum fimm al-systkinin og svo eignaðist ég þrjú hálf-systkini seinna meir, svo við erum átta í það heila. Tvær systur og sex bræður. Ég er næstelstur og ólst upp í þessu þúkaævintýralífi á Suðureyri,“ segir Róbert frá. „Við þvældumst niðri á bryggju og uppi í hlíð í öllum þessum gömlu leikjum sem voru stundaðir þá, í eltingarleikjum út um allt, Fallinni spýtu og Yfir og hvað þetta hét allt saman. Við kunnum alveg að finna okkur eitthvað að gera. Þá voru náttúrulega engir símar og tölvur,“ segir Róbert og brosir. „Maður hljómar eins og eldgamall maður!“ bætir hann svo við og hlær.

„Þetta voru alveg dásamlegir tímar, að hafa upplifað þessa æsku á Suðureyri. Eftir að ég flutti suður hef ég líka alltaf haft sterkar taugar heim. Þetta voru frábærir tímar og ég hefði ekki

viljað missa af þessu uppeldi. Foreldrar okkar voru báðir í fullri vinnu og við lékum þess vegna lausum hala á milli fjalls og fjöru. Við höfum talað um það strákarnir þegar við hittumst og minnumst þessara gömlu, góðu daga, að við fórum helst ekkert heim í kvöldmat. Við skröpuðum bara í mat og stálum okkur harðfisk og borðuðum hundasúru og súrblök-ur uppi í hlíð. Ef við fórum heim fengum við nefnilega ekkert að fara út aftur um kvöldið. Svo við vorum úti alveg þangað til að rauða ljósið fór að blikka. Þá hunsaðist maður loksins heim, svona um tíu, ellefu á kvöldin,“ rifjar hann upp.

Varð eftir á Suðureyri

Foreldrar Róberts, þau Ágúst Schmidt og Hugrún Halldórsdóttir, skildu skömmu áður en Róbert fermdist og fluttust móðir hans og systkini til Bíldudals. Faðir hans var þá fluttur til Vestmannaeyja. „Ég vildi frekar vera áfram þar eftir ferminu, hjá bróður hans pabba, Grétari Schmidt og Völu konunni hans,“ segir Róbert.

„Það má eiginlega segja að frá ferminu hafi ég alið mig sjálfur upp, sem er nú eitthvað sem myndi varla tíðkast í dag. Það hefur líka verið langur og strangur skóli, en maður er alveg bæri-lega sáttur við útkomuna í dag,“ segir hann og brosir út í annað. „Hins vegar fékk ég kannski ekki

nákvæmlega þá menntun sem ég hafði ætlað mér. Maður hafði kannski ekki alveg stuðninginn í það þar sem maður var mikið einn. En það réttist nú úr þessu. Ég fór mikið til sjós og var að beita og þvældist um landið, í vertíðarvinnu eins og gekk og gerðist þá. Það var svona farand-verkamannastíll á þessu. Ég fór til Vestmannaeyja og Sandgerðis og hingað og þangað og tók þátt verbúðarlífinu, þar á meðal á Suðureyri,“ útskýrir Róbert.

Hann fluttist síðan til Kópavogs, þar sem hann hefur búið síðastliðin sautján ár, eða svo. „Þá hætti ég allri fiskvinnslu, beitingum og slíku og réði mig í útivistarverslun hjá Seglagerðinni Ægi. Þar lærði ég mjög mikið. Ég fór síðan í verslun sem hét Sportbúð Títan og gerðist smám saman sölustjóri og verslunarstjóri þar. Ég var þar í um sex ár. Á þeim tíma byrjaði þetta kajak-æði,“ útskýrir Róbert, sem hafði þó sjálfur átt kajak um árabíl.

Kajakar eins og fótanuddtæki

Róbert var ekki nema um átján ára gamall þegar hann byrjaði að skjóta og veiða af sjókajökum. „Ég fann mér trefjaplastkajak sem ég keypti í gegnum einhverjar smáauglýsingar. Hann var á endanum orðinn svolítið lekur. Þegar ég var að róa yfir fjörðinn kom fullmikið vatn í hann og ég þurfti að ausa vel úr honum. Þetta

voru svolítið skrautlegar ferðir stundum,“ segir hann frá og brosir.

„Maður var að skjóta út um allan fjörð eins og brjálæðingur og áttaði sig ekki beint á því að það myndi kannski trufla fólk. Á þeim tíma var ekki svona mikil útivist í gangi, fólk var ekkert að ganga eða hlaupa inni í firði eins og það gerir í dag. Ef ég ætla að fara að veiða á kajak í Súgandafirði núna fer ég alveg út í fjarðarmynnið, þar sem ég veit að ég er ekki að trufla neinn. Ég er hætstur að fara inn í fjörð og leyfi öndunum bara að spóka sig þar í friði og ró. Þeir sögðu það gárungarnir, þegar ég var búinn að vera í Reykjavík í einhverju tíu ár, að fuglalífið á svæðinu væri nú óðum að ná sér,“ segir hann og hlær við.

Þessi reynsla Róberts nýttist honum vel í starfi þegar fleiri og fleiri fengu áhuga á kajakróðri. „Það má alveg segja að maður hafi haft mikil áhrif á fólk í þessu. Fólk kom til mín og spurði „Hvað notar þú? Ég ætla að fá það sama og prófa þetta.“,“ útskýrir Róbert.

„Ég held að fyrsta sumarið mitt hjá Sportbúð Títan hafi ég selt um hundrað kajaka, en svo fór þetta í nokkra 40 feta gáma eftir það. Það varð algjör sprengja,“ bætir hann við.

Í dag telur hann markaðinn þó vera nokkuð mettan. „Nú liggja kajakar eins og fótanuddtækin og sodastreamtæki í mörgum bíl-skúrum,“ segir hann brosandí. „En fólk á auðvitað alls ekki að losa sig við þessi tæki. Það ætti frekar að láta börnin sín hafa þetta. Þetta eru gríðarlega dýr tæki í dag og það er gott að eiga sjókajak og komast í frelsið, geta róð inn og út firði og á vötnum og notið sín. Bátlaus er maður mjög slappur hérna fyrir vestan. Ég var fljótur að finna það út sem strákur að ég þyrfti að eignast bát, þess vegna fann ég mér kajakinn,“ útskýrir Róbert.

Í fjarbúð á sumrin

Eftir að hafa starfað áfram í útivistarbransanum, flutt sig um set yfir í verslunina Útivist & veiði og síðar Ellingsen, söðlaði



Róbert á slóðum Inúíta í kajakleiðangri um A-Grænland.



Róbert um í starfi. „Ég nennti þessum verslunarbransa eiginlega ekki lengur. Mér bauðst þá þetta leiðsögustarf hjá Hvíldarkletti, þegar Elías Guðmundsson var með fyrirtækið á Suðureyri. Það var ári eftir að þeir byrjuðu. Hann hafði samband við mig um veturinn og spurði hvort ég væri ekki til í að koma aftur heim og sjá um Suðureyrarypáttinn af þessu. Ég sló til og kom hingað í apríl. Nú er ég sem sagt að renna inn í fjórða sumarið. Ég kem hingað 1. apríl á hverju ári og eru út september, svo þetta er alveg sex mánaða vertíð hjá mér á sjóstönginni,“ útskýrir Róbert, sem er afskaplega ánægður með þetta tækifæri til að snúa aftur í heimahagana.

„Þegar ég bjó fyrir sunnan kíkti ég alltaf á Sæluhelgina og kom vestur af og til yfir veturinn. Núna hef ég hins vegar verið meira og minna fyrir vestan. Ég kem alltaf á þorablót á veturna og fjölskyldan mín kemur vestur í heimsókn. Eldri sonur minn, Arnór, sem er nítján ára, hefur jafnvel verið að vinna á Suðureyri

og yngri sonur minn, Róbert, tólf ára, er alltaf hjá mér yfir sumarið,“ útskýrir Róbert, sem býr með Sæunni Sævarsdóttur og á sömu leiðis dótturina Berglinni. „Strákarnir mínir eru duglegir á veiðum og áhugasamir. Við reynum alltaf að fara eina eða tvær gæsaferðir á ári þegar við getum, sem og á svartfugl og sjóstöng. Berglind hefur líka heimsótt mig hingað vestur og veitt á sjóstöng nokkrum sinnum og veitt bleikju á flugu. Svo á ég tvær stjúpætur sem heita Guðrún Dóra og Þórunn Hanna. Það er nóg af yndislegum börnum í kringum mig og þau eru mér allt í lífinu. Þetta er bara svona fjarbúð hjá okkur á sumrin,“ segir Róbert.

„Maður verður bara að haga seglum eftir vindi. Ef það er enga vinnu að hafa í bænnum fer maður út á land, og það er sko ekkert verra að vera kominn á heimaslóðir og geta verið úti í náttúrunni að veiða og þjónusta útlendingana. Auðvitað er þetta mikil vinna en þetta er líka mjög skemmtilegt,“ segir hann.

„Starfið er hins vegar líka mjög

slítandi og bindandi. Maður getur eiginlega ekkert farið nema verið búinn að ákveða það með löngum fyrirvara. Við erum bara tveir starfsmenn í fyrirtækinu og svo einn framkvæmdastjóri, svo það er ekki mikil yfirbygging. Það þýðir ekkert að vera veikur í svona starfi, það er bara ekki hægt!“ segir hann og brosir.

Hefur lært mikið af Þjóðverjum

Hvíldarklettur skiptir að mestu leyti við Þjóðverja, sem koma hingað til lands í hópum til að spreyta sig á sjóstangveiði á Vestfjörðum. Róbert segir þá gríðarlega reynda og standa Íslendingum framar í veiðinni á margan hátt.

„Ég hef lært mjög mikið af þeim,“ segir Róbert. „Þjóðverjar eru mjög stórir í sjóstangveiðigeiranum. Það er örugglega um hálf milljón manna á kafi í þessu sporti í Þýskalandi. Mest fara þeir til Noregs, keyrandi, en svo eru þeir alltaf að átta sig betur og betur á því að Ísland, og Vestfirð-

ir sérstaklega, séu mjög ákjósanlegur staður fyrir sjóstangveiði. Þeir leigja sér hús og bát í vikutíma og eru yfirleitt svona þrír til sex saman í hóp. Það er svo sem varla hægt að kalla þetta „frí“, því þeir veiða frá morgni til kvölds alla daga. Þeir sofa varla! Það er þá helst ef þeir lenda í brælu, þá neyðast þeir til að hvíla sig,“ segir Róbert og brosir.

„Þessir menn sofna líka og vakna með lúðuglampann í augunum. Þeir ætla allir að veiða sömu stóru lúðuna - það er takmarkið hjá þeim! Maður skilur það mjög vel, þegar þeir eru að draga kannski upp í 220 kílóa lúðu, eins og gerðist í Bolungarvík í fyrra og er heimsmet á sjóstöng. Hún var 2 metrar og 49 sentímetrar. Það var sjötugur maður sem dró hana inn. Það geta allir lent í lukkudrætti herna úti, ef þeir eru með sjóstöng og eru á réttum stað á réttum tíma. Ætli það skipti ekki höfuðmáli í þessum lúðubardaga,“ segir Róbert, sem segir Þjóðverjana hafa mestan áhuga á að ná í stóra fiska, á meðan íslensk sjóstang-

veiði hafi haft tilhneigingu til að einblína frekar á magn.

Íslendingar langt á eftir

„Sjóstöngin á Íslandi er allt öðruvísi en það sem við þekkjum frá þessum útlendingum. Við erum langt á eftir þeim. Þeir eru til dæmis með önnur og betri veiðarfæri. Við erum fastheldnari í okkar sjóstangveiði. Þessi sjóstangveiðimót okkar á Íslandi eru oft þannig að sá sem veiðir mest vinnur,“ útskýrir Róbert, sem telur þó að landsmenn séu aðeins farnir að opna augu sín fyrir nýjungum í sportinu.

„Ég held að Íslendingarnir séu farnir að átta sig aðeins á þessu, farnir að prófa veiðarfærin sem Þjóðverjarnir eru með og læra aðeins af þeim. Mér finnst samt að Íslendingar mættu opna sig meira fyrir þessu. Þeir eru kannski ekki svona „trophy hunting“ veiðimenn eins og Þjóðverjarnir, sem eru gagngert að eltast við stóra fiska. Íslendingar eru eitt hvað svo nægjusamir, þeir veiða bara og fylla körin. En þegar upp

er staðið er náttúrulega mun skemmtilegra að draga upp 25 kílóa þorsk, það er miklu meira sport í því,“ segir Róbert. „Maðurinn sem veiddi risalúðuna í fyrra datt í lukkupottinn. Hann var um sjötugt og nú þarf hann bara ekkert að hafa áhyggjur af þessu lengur, draumur hans rættist!“ segir Róbert og brosir við.

Þeir sem enn eltast við drauminn snúa hins vegar margir hverjir ítrekað aftur til Vestfjarða. „Það er töluvert um það að þessir kallar komi hingað aftur og aftur,“ segir Róbert. „Þeir eru líka farnir að líta aðeins í kringum sig, langar að fara að veiða bleikjur og slíkt í sprænum ef þeir lenda í brælu. Það virðist vera að komast á ágætt samkomulag við landeigendur, sem leyfa þeim að veiða. Það er mjög gott,“ segir Róbert, sem segir þennan hóp sífellt skilja meira eftir sig í samfélagunum.

„Þeir gerðu það kannski ekki fyrst. En þeir héldu kannski líka að í þessum litlu þorpum, Tálknafirði, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík og Súðavík, væri enga þjónustu að fá. Við þurfum að sýna þeim hvað er í boði svo þeir nýti sér þjónustuna,“ segir Róbert, sem er hjartsýnn á framtíð ferðaþjónustu á svæðinu. „Eru Vestfirðir ekki hátt skrifaðir í heiminum í dag? Við þurfum að líta á það sem gott tækifæri og hlúa að ferðaþjónustunni. Við eigum undir högg að sækja í þessum sjávarbyggðum og það veitir ekki af að nýta það sem við höfum. Þetta er góð vara sem við höfum í þessum byggðum í tengslum við sjóstangveiðibátana,“ segir hann.

Veiðir árið um kring

Þeir sex mánuðir á ári sem Róbert er á kafi í sjóstangveiði og öllu sem að henni snýr duga þó alls ekki til að svala veiðibörfinni.

„Ég á hraðbát, sem það er svona kaldhæðni örlaganna að heitir Bismarck,“ segir Róbert og brosir við. „Það er sautján feta hraðbátur, sem hét á sínum tíma Halldór Ásgrímsson, eftir gamla sjávarútvegsráðherranum. Hann var á Suðureyri og svo var hann sendur í bæinn. Ég og Pálmi Gestsson leikari keyptum hann saman. Þá hét hann Húni ÍS. Svo seldi Pálmi sinn hlut og þá var hann nefndur Bismarck, af því að þetta var minnsti en aflasælasti veiðibáturinn í Kópavogshöfn til margra ára,“ útskýrir hann.

„Við fórum út á þessu vaskafati og skutum kannski tvö, þrjú, fjögur hundruð svartfugla í hverri ferð, sem þótti svolítið mikið. Ég á hann ennþá og nota hann af og til. Upp á síðkastið hef ég lítið notað hann af því að ég er alltaf á þessum stærri bátum hérna fyrir vestan - það fullnægir þörfinni að einhverju leyti,“ segir Róbert frá.



Róbert með stórkod af Vestfjarðamiðum.

„Þegar minni vertíð er lokið hér í lok september, ég er búinn að taka upp alla bátana og gera klárt fyrir veturinn, fer ég suður á bóginn og byrja að gæða í gæsa-veiði, svo tekur rjúpan við og svo skarfurinn eftir áramótin. Þá fer ég í kajakferð með tjald út í litla eyju. Ég hef gaman af því, þegar það er snjór. Ég tek með mér myndavél og ljósmynda mikið á þessum dögum og veiði mér vel í matinn. Í apríl byrjar svo sjóstöngin aftur. Þetta er eiginlega veiði allt árið. Ég hef líka verið í fluguveiði og hef mjög gaman af henni. Hún hefur setið svolítið á hakanum núna síðustu ár út af þessu bindandi starfi sem sjóstangveiðin er,“ segir hann frá.

Menntun veiðimanna ábótavant

Róbert hefur lifað og hræst í útivistar- og veiðiheiminum síðustu ár og segist hafa fundið fyrir mikilli vinsældaaukningu skotveiði eftir að kreppan skall á. „Það varð mikil nýliðun þá. Mig minnir að árið 2008 hafi selst um 500 skotvopn hérlandis á ári. Eftir kreppu fór þetta upp í 1500, svo fjöldinn þrefaldaðist. Menn hugsuðu greinilega að nú skyldu þeir fara að veiða í matinn,“ segir Róbert.

„Landið stækkar ekkert þó veiðimönnum fjölgi. Vandamálid í dag er helst að veiðimenn sem eru að koma inn í sportið eru meira og minna landlausir. Það vantar líka meiri fræðslu fyrir veiðimennina sjálfa um hvernig þeir eiga að haga sér á veiðum og slíkt, einhvers konar veiðiskóla. Það er ekki nóg að hafa námskeið í meðferð skotvopna og eitthvað smávegis um vistfræði og hvaða

fugla þú mátt skjóta. Það gleymist alveg að fjalla um veiðitækni eða hvernig þú átt að bera þig að þegar þú ert að fara á gæs eða rjúpu til að ná einhverjum árangri. Það er ekki í boði,“ segir Róbert, sem hefur sjálfur prófað að halda slík námskeið með góðum árangri. „Það mætti vera meira af þessu, meiri þjónusta til að gera veiðimenn að betri og vandaðri veiðimönnum,“ ítrekar hann.

Nýjar kynslóðir veiðimanna eru hins vegar ekki alsæmar að hans mati. „Ég veit að veiðimenn sem alast upp í dag eru miklu nægjusamari. Ég er náttúrulega af gamla skólanum. Þá var veitt þar til maður stóð ekki í lappirnar eða var búinn með skotin. Í dag er þetta orðið sjálfbærara sport, eins og það á að vera. Maður á bara að veiða fyrir sig og fjölskylduna. Það er nefnilega líka sport að geta borðað mat úr náttúrunni í kringum sig, geta lifað á

fiskinum og fuglunum. Það er alltaf að verða meira og meira áberandi og fólk sér að það er miklu eðlilegri lífsmáti að geta náð sér í mat í sínum fallega firði í stað þess að sækja hann allan í frystikistur í verslunum. Í staðinn tekur maður þátt í náttúrunni, en virðir hana og gengur ekki á dýrastofna eða slíkt,“ segir Róbert og hikar. „Allt þetta græningjatal getur nú stundum farið í taugarnar á mér, samt,“ bætir hann við og hlær.

Róið á milli borgarísjaka

Róbert hefur í gegnum árin ferðast mikið og stundað veiðar víða um heim, elst við elgi í Kanada og Svíþjóð, villisvín í Póllandi og veitt ráðyr, fasana og krónhjört, svo dæmi séu nefnd. „Ég hef veitt mikið fyrir vestan og oft farið skemmtilegar sjö, átta daga ferðir um Vestfirði,

farið um Jökulfirðina og frá Arnarfirðinum yfir á Rauðasand, fyrir Látrabjargið, til dæmis. Það sem stendur upp úr eru samt helst kajakævintýraferðirnar sem ég skipulagði um Angmassaliq svæðið á austur-Grænlandi nokkur sumur,“ segir Róbert.

Hann safnaði þá saman vinum sínum og vönum kajakræðurum og hópurinn hélt til Kulusuk, þar sem leigðir voru kajakar. „Við fylltum þá af vistum og vorum með tjöld og stangir með okkur. Það var enginn þurrmatir í þeim ferðum, það var bara grill og rauðvín, rjómasprautur og pönnukökupönnur! Það var allt það flottasta tekið með, við höfðum svo mikið pláss í bátinum,“ segir hann frá.

„Við rérum bara um óbyggðirnar, í gegnum borgarísinn, tjölduðum þar sem við vildum tjalda... Svo héldum við áfram morguninn eftir. Við heimsóttum öll veiðisamfélagin sem eru



Stórlúða dregin inn á stöng á Vestfjarðamiðum.

þarna við Angmassaliq svæðið, bæi eins og Tasiilaq, Kulusuk, Kuummiut, Tiniteqilaq og Sermiligaaq. Þetta er eitt af því skemmtilegasta sem ég hef upplifað í þessu kajaksporti, að heim-sækja Grænland og róa um óbyggðirnar og þessa hrikalegu náttúrufegurð,“ segir Róbert, og ekki er laust við að örli á söknuði í málrómnun.

Ekki hættulausar ferðir

Ævintýraferðir á borð við þessar eru þó ekki á allra færi, enda ýmsar hættur sem leynast á svæðinu. „Borgarísinn sagnar alveg að sér ferðamennina sem vilja láta taka mynd af sér við þá. En það geta brotnað molar úr þeim. Það getur hrútið stykki úr jakanum og myndað heilmikla flóðbylgju. Eins og menn vita, stendur ekki nema einn tíundi af borgarísjaka upp úr sjó. Einnig geta brotnað af risastórir molar frá botni jakans sem koma fljótt á hraðri leið upp og geta stórslasað menn,“ segir Róbert, sem hefur lent í því að hrynjast úr jökunum og flóðbylgjur myndist.

Eitt árið var kvikmyndagerðarmaður jafnframt með í för. „Valdimar Leifsson kvikmyndagerðarmaður var með okkur eina ferðina og gerði heimildarmynd sem hét Firðir fullir af ís, sem var svo sýnd í Háskólabíó. Þá lentum við reyndar í mesta ís sem hafði verið þarna í þrjátíu, fjörutíu ár. Við vorum fastir í nokkra daga. Það er annað núna, hlýnun jarðar er náttúrulega að breyta öllu,“ segir Róbert frá.

Í dag þurfa ferðalangar á svæðinu til að mynda að vera mun viðbúnari því að komast í kast við hvítabirni. „Við vorum auðvitað alltaf vopnaðir en tókum ekkert sérstakar hvítabjarnarvaktir. Á síðustu árum hafa menn þurft að hafa vaktir og gæta sín á hvítabjörnum sem eru á röltinu á landi og eru svangir. Ef þeir komast að kajökum og finna matarlykt, fara þeir auðvitað í það,“ útskýrir Róbert, sem hefur ekki farið til Grænlands á undanförunum árum.

Byssur og bleyjur í sömu búð

„Ég seldi sjókaajakinn sem ég notaði í svona ferðir, en ég á veiðibátinn minn. Ég geymi hann í Hrútafirði, þangað sem ég fer alltaf eftir áramótin og veiði minn skarf,“ segir Róbert, sem segir kajakróður og veiði fara einstaklega vel saman. „Maður kemst nær bráðinni og það eru engin læti í mótur eða slíku. Þetta er auðvitað byggt á fjögur þúsund ára uppfinningu, og orðið kajak þýðir bátur veiðimannsins,“ útskýrir Róbert, sem mælir með því að fólk sækji Grænland heim. „Samfélagið þar er að breytast hratt núna,“ segir hann. „Fyrir tíu

árum, þegar við fórum til Kulusuk, fórum við í kaupfélagið. Þá héngu haglabýssurnar á vegg við endann á búðarrekkanum, svo komu bleyjur við hliðina á þeim, svo klámspólur og svo frosnir kjúklingar. Þetta var náttúrulega frábær samsetning, að geta keypt sér haglabýssu og bleyjur í sömu búðarferðinni!“ segir hann og hlær við.

„Nú er búið að læsa byssunum og aðskilja þetta, eins og í nútímasamfélögum. Það er svolítið gaman að sjá þessar breytingar. Þessi litlu samfélög þarna eiga samt verulega undir högg að sækja. Þetta eru veiðimenn sem bíða alla daga eftir að komast á sjó að veiða hval eða sel. Það er örugglega ekki auðlifað í þessum litlu samfélögum og þessi selveiðiáróður skemmdi eiginlega bara allt fyrir Grænlandingum á sínum tíma, þegar Brigitte Bardot reis upp,“ segir Róbert, sem segir ekki útilokað að hann snúi aftur til Grænlands.

„Grænland hefur eiginlega verið mitt annað heimili í ferðamennskunni, ég hef verið mikið þar. Ég hef ekki farið í nokkur ár og er kannski svolítið búinn með þennan pakka. Ef ég fer aftur fer ég örugglega með einhverjum sem ég vil að kynnist þessu. Ég á örugglega eftir að róa þarna aftur, til dæmis,“ segir hann.

Lærði af meistarakokki

Það er ekki óalgengt að veiðimennska haldist í hendur við matreiðsluáhuga, og þannig er því farið í tilfelli Róberts. „Ég hef gríðarlegan áhuga á matreiðslu og hef sérstaklega gaman af að elda villibráð. Ég hef oft haldið stórar veislur, allt upp í sjötíu manna veislur, með alls kyns villibráð,“ segir hann. „Ég á alltaf nóg af villibráð og fer vel með allan mat sem ég veiði, snyrti hann og pakka honum vel. Það er engu hent, allt nýtt nema kannski fjaðrirnar í koddann,“ segir hann og brosir.

Hann hefur notið leiðsagnar matreiðslumannsins Úlfars Finnbjörnssonar, sem hann hefur jafnframt átt í viðskiptum við. „Við höfum átt góð samskipti í mörg ár. Ég hef aflað hráefnis fyrir hann og hann hefur gefið mér margar uppskriftir og vinnur jafnvel fyrir mig hráefnið. Ef ég læt hann hafa tíu kíló af gæsalifur lætur hann mig hafa tíu kíló af tilbúinni lifrarmús. Það eru fín býtti. Maður hefur líka lært mikið af honum. Hann er einn sá öflugasti í þessu,“ segir Róbert.

Hann hefur einnig mikinn áhuga á ljósmyndun og teikningu, sem hann segist eiga að sækja til afa síns í móðurætt. „Þaðan fékk ég ljósmyndaáhugann og teiknigáfuna. Í föðurættina er það skotveiðin, Róbert Schmidt afi í föðurætt var mikill veiðimaður og hagleiksmaður á



að smíða úr málmi og tré. Ég hef þessi áhugamál mín eiginlega frá báðum öfunum, sem samnýtast svo alveg frábærlega,“ segir hann. „Það eina sem ég hef vanrækt svolítið er þessi teiknigáfa sem ég fékk. Ég rek samt heimasíðu sem heitir skopmyndir.com og hef svona verið aðeins í því yfir vetrarmánuðina, þegar það er rólegra að gera. Þá hef ég tekið að

mér ýmis verkefni, teiknað myndir fyrir útskriftargjafir, stórafmæli og slíkt - oftast fyrir einhvern sem á allt!“ segir Róbert. Hann hefur að auki lengi komið að greinaskrifum fyrir ýmsa miðla og var á sínum tíma fréttaritari Morgunblaðsins á Suðureyri, Tálknafirði og Bíldudal. „Það blundar svona aðeins í mér ennþá,“ segir hann.

„Ég reyni að sinna öllum þessum áhugamálum og hef reynt að virkja teiknikunnáttuna betur, en einhvern veginn ryðst veiðiáhuginn alltaf fram fyrir. Ég er búinn að átta mig á því og setta mig við það að ég er alltaf fyrst og fremst veiðimaður. Svo fylgir hitt með,“ segir veiðimaðurinn Róbert að lokum.

– Sunna Dís Másdóttir.



**Sparisjóður
Bolungarvíkur.**

Eftirgjöf skulda skekkir afkomumynd

Fjórir sparisjóðir, sem að stórum hluta eru í eigu ríkisins, skiludu allir hagnaði á síðasta ári. Hagnaðurinn kemur þó ekki til af reglulegri starfsemi sjóðanna heldur af tekjufærslu vegna eftirgjöf skulda við Seðlabankann. Þegar niðurfelling skulda er dregin frá kemur í ljós tap er af rekstri sparisjóðanna fjögurra. Þetta kemur fram í fréttaskýringu í Morgunblaðinu en sparisjóðirnir sem um ræðir eru Sparisjóður Norðfjarðar, Sparisjóður Þórs-hafnar, Sparisjóður Bolungarvíkur og Sparisjóður Vestmannaeyja.

Reglulegri starfsemi Sparisjóðs Bolungarvíkur skilaði þannig 361 milljón króna tapi en hagnaður samkvæmt ársreikningi nam 1,9 milljörðum króna. Sömu sögu er að segja af hinum sparisjóðunum. Hagnaður Sparisjóðs Þórs-hafnar skv. ársreikningi var 510 milljónir króna en regluleg starfsemi skilaði um 115 milljón króna tapi. Tap Sparisjóðs Norðfjarðar af reglulegri starfsemi var 180 milljónir en hagnaður skv. ársreikningi 87 milljónir. Þá tapaði Sparisjóður Vestmannaeyja 400 milljónum í reglulegri starfsemi, að því er kemur fram í samantekt Morgunblaðsins. — *kte@bb.is*

Undirbúa tilraunaverkefni í strandsiglingum

Skipaður hefur verið starfs- hópur til að undirbúa tilraunaverkefni í strandsiglingum. Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, greindi frá því á Alþingi að hann hefði undirritað erindisbréf til starfshópsins sem verður undir forystu Guðmundar M. Kristjánssonar, hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar. Var ráðherrann þar að svara Ásmundi Einari Daðasyni, þingmanni, sem óskaði svara um efndir loforða ríkisstjórnarinnar varðandi aðgerðir til að taka á flutningskostnaði fyrirtækja á landsbyggðinni. Vís-

aði Ásmundur Einar m.a. til fréttar sem birtist á bb.is þess efnis að forsvarsmenn Kampa á Ísafirði væru að íhuga að flytja starfsemi frá Ísafirði vegna óheyrilegs flutningskostnaðar.

Í samtali við Bæjarins besta sagði Jón Guðbjartsson, stjórnarformaður Kampa, að flutningur fyrirtækisins frá Ísafirði væri raunhæfur möguleiki þar sem flutningskostnaður væri svo hár. Fyrirtækið borgar um hundrað milljónir króna á ári í flutning og því myndu skapast hundrað milljónir í tekjur ef það myndi flytja

til Reykjavíkur. Þá væri fyrirtækið að borga 50 milljónum meira en rækjuverksmiðjan á Grundarfirði fyrir vöru sem keypt væri frá sama stað í Kanada.

Þess má geta að strandsiglingar voru talinn álitlegur kostur miðað við forsendur skýrslu um mat á hagkvæmi strandflutninga á Íslandi sem var unnin fyrir samgönguráðuneytið á síðasta ári. Að mati starfshóps um mat á hagkvæmni strandflutninga, var hagkvæmast að sigla milli Reykjavíkur, Ísafjarðar og Akureyrar auk Sauðárkróks og Patreksfjarð-

ar/Bíldudals. Í skýrslunni kom fram að til þess að strandsiglingar borgi sig þurfa tekjur að vera 884 milljónir króna á ári. Einnig kom fram í skýrslunni að gera mætti ráð fyrir að um 8000 ferðir flutningabíla myndu færa yfir á sjó á ári. Við það myndi akstur minnka sem næmi um 3,2 milljónum km á ári. Slit á vegum og viðhaldskostnaður vega myndi líklega minnka um 100-200 milljónir kr. á ári. Öryggi almennings á vegum mynda væntanlega aukast vegna minni aksturs stórra bíla. — *thelma@bb.is*

Vilja hættuleg leiktæki burt

Mæður í Holtahverfinu á Ísafirði hafa hrint af stað herferð til að losna við leiktæki á leikvelli hverfisins sem þær telja að sé hættulegt. „Þetta er rör, sem á að vera renni-braut, með engum handföngum á og börnin hafa verið að detta úr henni og meiða sig. Við viljum að Ísafjarðarbær komi að því að fjarlægja tækið og koma upp leikvelli þar sem börn á öllum aldri geta leikið sér,“ segir Lína Björg Tryggvadóttir, ein þeirra sem stendur að herferðinni. Mæðurnar hafa gengið í hús og safnað undirskriftum sem þær ætla síðan að afhenda tæknideild bæjarins. „Við erum búin að fara í öll hús í efra hverfinu og eigum svo eftir að fara í hús in neðra hverfinu. Fólk hefur tekið okkur rosalega vel og þakkað okkur fyrir að að standa í þessu. Það er alveg jafn ósátt og þreytt á þessu og við, nú er mælirinn bara orðinn fullur,“ segir Lína.



Leiktækið sem foreldrar í Holtahverfi segja að sé óöruggt og vilja burt.

Hún segir að allir vilji hafa leiktæki á staðnum en öryggið þurfi að vera framar öllu. „Það þarf að vera staður þar sem börn yngri en 10-12 ára geta leikið sér, við erum auðvitað ánægð með að leikvöllurinn skuli vera til staðar en

hann þarf að henta börnum á ýmsum aldri.“ Aðspurð segist Lína hafa kvartað undan þessu við tæknideildina. „Við höfum líka heyrt sögur þegar við höfum gengið í hús in að fólk hafi hringt og kvartað á bæjarskrifstofunni, en hvort

að þær kvartanir hafi borist til rétta eyrna get ég ekki full- yrt. Ég er sannfærð um að tæknideild eigi eftir að taka okkur vel þegar við skilum undirskriftalistanum til þeirra og bregðast við þessum vanda.“ — *thelma@bb.is*

Sakfelldur fyrir hættulega líkamsárás

Karlmaður hefur verið sakfelldur í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Var manninum gert að sök að hafa haustið 2009, við Edinborgarhúsið á Ísafirði, kastað glerflösku í höfuð annars manns með þeim afleiðingum að hann féll í jörðina og vankaðist og hlaut skurð aftan við vinstra eyra. Maðurinn viðurkenndi að hafa kastað glerflöskunni en kvað það hafa verið í nauðvörn. Hafi hann óttast

um líf sitt þar sem yfirvofandi árás hafi verið í gangi. Lýsti hann málsatvikum svo að annar maður sem hann hefði áður verið út á sjó með, hafi rukkað sig um sigarettupakka, hann hafi svarað að allar verslanir væru lokaðar og gæti því ekki nálgast sigarettur.

Fyrrum skipsfélagi hans hefði brugðist við með því að reyna að hrifsa af honum bjór og síðan tekið sig hálstaki en honum hefði fljótlega tekist að losa sig. Um

það bil hálf tíma síðar sagði þrjá karlmenn hafa gengið ógnandi á eftir sér og hótad sér barsmiðum. Kvað maðurinn það hafa verið upplifun sína að hann væri í hættu og fullyrti að illa hefði farið fyrir honum hefði hann ekki aðhafst neitt. Hann hafi verið með bjórflösku í höndunum og henti í áttina að þeim. Tók hann fram að hann hefði ekki miðað á neinn sérstakan heldur einungis kastað flöskunni í áttina að þremmenning-

unum. Flöskuna kvað hann hafa lent í einum mannanna. Hann hefði síðan tekið til fótanna og hefðu tveir mannanna hlaupið á eftir honum. Maðurinn áréttaði að hann hefði kastað flöskunni í fljótræði. Hann hefði verið lafhræddur við mennina og því grip- ið til þessa örprifaráðs til að stöðva þá.

Við ákvörðun refsingar var lit- ið til þess að brotið beindist gegn höfði brotþola. Brotið olli hins

vegar ekki alvarlegum áverkum, þó svo líkamsárásina verði að telja sérstaklega hættulega. Enn fremur þótti mega horfa til þess að ákærði taldi að sér sótt og var því um varnarviðbrögð af hans hálfu að ræða. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fjögurra mánaða fangelsi en fullnustu refsingar verði frestað og skuli falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð. — *thelma@bb.is*



Fundurinn fór fram í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði.

„Koma verður í veg fyrir neikvæða þróun byggðar“

Aðalfundur Verkalýðsfélags Vestfirðinga sem haldinn var á laugardag krefst þess að stjórnvöld komi á samræmdu kerfi til jöfnunar flutnings- og húshitunararkostnaðar ásamt því að afhend-

ingaröryggi raforku verði tryggt. Einnig var farið fram á að strax verði ráðist í byggingu Hvalárvirkjunar, enda er slík framkvæmd samfélagslega hagstæðasti kosturinn í stöðunni til lengri tíma.

„Hætta er á að miklar álögur á atvinnulífið í formi óhóflegs flutningskostnaðar ásamt erfiðum rekstrarskilyrðum vegna ótryggrar raforku ógni atvinnuöryggi í fjórðungnum. Þá er hringtenging ljósleiðara á Vestfirðum einn af grunnþáttum fyrir bættu atvinnuöryggi og verður að hrinda í framkvæmd strax,“ segir í ályktun atvinnu- og byggðamál sem samþykkt var samhljóða.

Þar segir jafnframt: „Horfa verður til stór eflingar rannsókna og nýsköpunar ásamt tengingu menntunar við þekkingu í atvinnulífinu þannig að hún nýtist sem best til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Megin áherslan þar snúi að atvinnustarfsemi og nýt-

ingu þeirra auðlinda sem fjórðungurinn hefur upp á að bjóða líkt og kom fram á ráðstefnunni Afli á auðlindum Vestfjarða.

Koma verður í veg fyrir neikvæða þróun byggðar og tryggja atvinnuöryggi með styrkingu á þessum grunnþáttum. Verum þess minnug að landsbyggðin ráðstafar um 30-80% af sínum tekjum á höfuðborgarsvæðinu en höfuðborgarsvæðið eingöngu 10-20% af sínum tekjum í hendur lögaðila á landsbyggðinni. Vestfirðingar eru ekki að biðja um meira en aðrir heldur þau sjálf-sögðu mannréttindi að búsetuskilyrði geti orðið á við það sem best gerist.“

– thelma@bb.is

Veiðifélag Önundarfjarðar endurvakið

Veiðifélag Önundarfjarðar var endurvakið í síðustu viku að Holti í Önundarfirði af fjórtán landeigendum á félagssvæðinu. Veiðifélagið var upphaflega stofnað 18. maí 1968 og var formlega gengið frá samþykktum félagsins 18. júní 1971 eða fyrir tæpum fjörutíu árum. Á upphafsárum félagsins var aðal verkefni þess að koma upp laxastofni í ám í Önundarfirði og var laxaseiðum þá sleppt í Bjarnadalsá og Hestá. Verkefninu var ekki fylgt nægjanlega eftir og lagðist því starfsemi félagsins fljótlega af. Í byrjun þessa árs vaknaði áhugi fyrir því að stofna félag um árnar í innanverðum Önundarfirði og á fundi sem haldin var að Holti 26. mars síðastliðinn var tekin ákvörðun um að endurvekja veiðifélagið

sem nær yfir innfjörðinn, frá Selabóli í norðanverðum firðinum að Holti að sunnanverðu.

Mikill áhugi er meðal félagsmanna að rækta upp og varðveita þá fiskistofna sem þegar eru fyrir á svæðinu, þ.e. bleikju og sjóbirtling. Var nýrri stjórn félagsins falið að semja framkvæmdaáætlun til fimm ára. Á fundinum var einnig rætt um fyrirhugað fiskeldi í firðinum og voru fundarmenn sammála um að mikilvægt væri að geta fyllstu varúðar og að vandað yrði til rannsókna á lífríki svæðisins til að koma í veg fyrir umhverfisslys af völdum þess.

Í stjórn félagsins voru kjörnir þeir Daði Ingimundarson, Gunnar G. Magnússon og Páll Stefáns-son.

– thelma@bb.is



Torfhildur 107 ára

Torfhildur Torfadóttir á Ísafirði varð 107 ára á þriðjudag. Hún er elsti núlifandi Íslendingurinn, fædd í Aspavík í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu árið 1904, yngst ellefu systkina og ólst upp í Selárdal í Steingrímsfirði. Nokkur systkina Torfhildar náðu háum aldri, Ásgeir varð 100 ára, Eymundur 96 ára og Guðbjörg 91 árs.

Eftir fermingu var Torfhildur í vinnumennsku í Króksfirði og Reykhólasveit í Austur-Barðastrandarsýslu en flutti síðan til Ísafjarðar og giftist Einari Jólssyni sjómanni. Einar lést árið 1981. Þau eignuðust fimm börn og eru þrjú þeirra á lífi, Torfi 61 árs, Sigurbjörn 69 ára og Kristín 78 ára.

Torfhildur hefur verið á dvalarheimilinu Hlíf undanfarin ár. Að sögn Torfa Einarssonar, sonar Torfhildar, hefur hún daglega fótavist, gengur um ganga dvalarheimilisins og virðist vera líkamlega hraust. Heyrn og sjón eru farin að daprast og minnið að bregðast henni. Það sem hefur hjálpað henni er rólyndi og ágætt skap, segir Torfi.

Ekki er vitað um neina íbúa Vestfjarða sem náð hafa hærri aldri en Torfhildur, samkvæmt upplýsingum á síðunni langlifi.net.

Opnunartíminn stytur

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að opnunartími Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Ísafirði verði stytur um eina klukkustund á daga á virkum dögum samkvæmt tillögu frá stjórnendum safnsins.

Í dag er safnið opið frá kl. 13-19 en samkvæmt tillögunni verður safninu lokað kl. 18 á virkum dögum. Engin breyting verður á laugardagsopnun safnsins. Er þess vænst að breytingarnar taki gildi um næstu mánaðarmót.



Ípróttamiðstöðin Árbær í Bolungarvík

Kvenmann vantar til sumarafleysinga í Sundlaug Bolungarvíkur frá 23. júní til 25. ágúst.

Við leitum að einstaklingi sem:

- Hefur náð 18 ára aldri.
- Þarf að geta staðist þolpróf laugarvarða.
- Hefur ríka þjónustulund.
- Er stundvís, áreiðanlegur og vinnufús.
- Hefur frumkvæði og getur unnið sjálfstætt.
- Getur tjáð sig á a.m.k. einu erlendu tungumáli.

Þekking á sviði skyndihjálpar er æskileg, en fræðsla í öryggis- og björgunarmálum ípróttamiðstöðvarinnar er veitt við upphaf starfsins.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 456 7381 og 696 7316.

Ípróttamiðstöðin Árbær er lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Þangað sækja fjölmargir gestir á öllum aldri, sér til ánægju og heilsubótar. Ípróttamiðstöðin er heilsulind bæjarins og starfsemi hennar mikilvægur þáttur í markmiðum heilsubæjarins Bolungarvík.

smáar

Vegna flutninga er til sölu borðstofuskápur (þrjár einingar - 198x100), borðstofuborð með sex stólum (stækkanlegt um tvær plötur), brúnt leðursófa-sett (3+1+1) og skrifstofustóll. Áhugasamir hafi samband í síma 869 4436.

Er að leita að notuðum magnara við plötuspilarann minn. Uppl. í síma 846 8344 eftir kl. 16 á daginn.

Hver vill fá gefins 26" Trek reiðhjól (21 gíra)? Gamalt en gott hjól með slá. Uppl. í síma 456 3929.

Til sölu er Subaru Legacy GL árg. 2000. Sjálfskiptur bíll í góðu lagi. Nýskoðaður. Ný vetrar/heilsársdekk og nagladekk. Margt endurnýjað á síðustu vikum og mánuðum. Ekinn 167 þús. km. Ásett verð kr. 600 þús. Upplýsingar í síma 456 2172 og 861 1436.

Óska eftir 24" notuðu drengjahjóli til kaups. Upplýsingar í síma 896 6059.

Ertu orðin(n) áskrifandi?
Síminn er 456 4560!



Hljóðvarnargler
Dregur úr hljóðmengun.

www.samverk.is
samverk@samverk.is



Rækjuverksmiðjan Kampi.

Skoða flutning á Kampa vegna gríðarlegs flutningskostnaðar

Stjórn rækjuverksmiðjunnar Kampa hf., á Ísafirði samþykkti á aðalfundi fyrirtækisins sem haldinn var fyrir stuttu að skoða þann möguleika að flytja starfsemi frá Ísafirði. Að sögn Jóns Guðbjartssonar, stjórnarformanns Kampa, er það raunhæfur möguleiki ef ekki verður fundin lausn á gríðarlegum flutningskostnaði fyrirtækisins. „Raunin er sú að miðað við þann flutningskostnað sem við þurfum að taka á okkur er ekki hægt að reka eitt einasta fyrirtæki fyrir utan Reykjavík sem notar eins mikinn flutning og við. Við erum að flytja fyrir hundrað milljónir króna á

ári og því myndu skapast hundrað milljónir í tekjur ef við myndum flytja til Reykjavíkur,“ segir Jón.

Jón segist reikna með að sama staða sé hjá öðrum fyrirtækjum en þau láti þetta yfir sig ganga. „Margar aðrar rækjuverksmiðjur á svæðinu hafa lagt upp laupana á undanförnum 15 árum og við sjáum fram á að við verðum að leita einhverra leiða ef Kampi á ekki að fara sömu leið. Leiðin gæti til dæmis falist í að hefja sjálfir skipaútgætt og sjá sjálfir um þessa flutninga en við fáum ekki að flytja til okkar alla rækjuuna sem við kaupum frá Noregi og Kanada. Við þurfum því að

lata skipa upp í Reykjavík, borga af því tilheyrandi skatt og lata svo flytja það vestur með bíl og leggja enn meira álag á vegina og valda á þeim skemmdum sem ríkið þarf svo að borga viðgerðir á.“

Ljóst er að staðsetning verksmiðjunnar setur stórt strik í reikninginn vegna flutningskostnaðarins. „Við erum t.d. að borga 50 milljónum meira en rækjuverksmiðjan á Grundarfirði fyrir vöru sem keypt er frá sama stað í Kanada. Þegar dæmið er lagt svona upp fyrir eigendur Kampa, þá er alveg ljóst að við þurfum að takast á við þennan vanda,“ segir

Jón. „Rækjuverksmiðja sem flytur til sín um 220 gáma á ári borgar óhemju peninga í flutningatrukka og þungaskatt og allt sem því viðkemur. Það kemur gámur til okkar næstum alla virka daga og það fer gámur frá okkur nánast annan hvern dag. Hvert einasta fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins sem stundar útflutning þarf að flytja allt til Reykjavíkur.“

Í ljósi sífелldrar umræðu um fólksflóttu frá landsbyggðinni segir Jón, að yrði þessum hlutum yrði kippt í liðinn yrði allt annað að búa úti á landi og unnt væri að greiða mun hærri laun.

Ferðasumar í uppnámi

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Eyjafjallajökull gaus fyrir rúmu ári, nánar til tekið 14. apríl 2010. Afleiðingar þess eldgoss urðu afdrifaríkar fyrir alla heimsbyggðina vegna mikillar röskunar á flugi um allan heim. Að sjálfsögðu hafði gosið alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem bjuggu í næsta nágrenni við Eyjafjallajökul. Ösku rignði undir Eyjafjöllum og í Vestur Skaftafellssýslu samfara talverðum óþægindum fyrir bændur og búsmala. Flytja varð sauðfé í önnur héruð svo velferð þess yrði tryggð. Fólk varð þreytt á stöðugri baráttu við öskufall og öskuryk. Tún fóru undir ösku og landbúnaður átti í nokkrum erfiðleikum. En ólíkt því sem við Vestfirðingar þekkjum af náttúruhamförum lét enginn lífið og fólk meiddist ekki þótt vissulega sé erfitt að fást við afleiðingar þess að lífi og starfi þess sé ógnað.

Fólki um allan heim, ekki aðeins á Íslandi, varð því nokkuð brugðið þegar fréttist af eldgosi undir Vatnajökli í Grímsvötnum. En þetta er fjórða eldgosið í Vatnajökli á tæpum fimmtán árum, en hið fyrsta sem svo mikið öskufall fylgir sem raun ber vitni. Jökulhlaup og vatnsflóð hafa fylgt hinum, en nú er því spáð að svo verði ekki. En það er ekki furða þótt verð hlutabréfa í flugfélögum falli við tíðindi af eldgosi. Öskufallið fyrir rúmu ári hafði gríðarleg efnahagsleg áhrif á ferðaþjónustu og flugferðir. Ekki er að undra þótt áhyggjur blossi upp á ný og flugfélög og

ferðaseljendur grípi til neyðarráðstafana. En lítum okkur nær og skoðum eigin garð. Hvernig er best að bregðast við því þegar fólk spyr hvort það sé vit í því að koma til hins sígjósandi Íslands?

Nú ríður á að hugsa leiðir til að nýta sér þá stöðu sem upp er komin. Ef lítið er enn nær þá eru Vestfirðir ólíklegasti hluti landsins til þess að verða öskufalli að bráð og sennilegt að unnt sé að auglýsa Vestfirði sem óspillta náttúruperlu fyrir útlendinga. Þá verður að vísu að hafa í huga að sorpbrennslan í Funa er slæmur minnisvarði um mengun af mannavöldum. En henni hefur verið lokað. Á Vestfjörðum eru engar virkar eldstöðvar og bæði landslag og fólk eftirtektarvert og áhugavert fyrir fólk utan úr heimi þótt ekki sé verið að tala um að gera okkur að náttúrugarði og hafa okkur fyrir sýningargripi líkt og alþingismenn hafa látið í veðri vaka.

Ferðaþjónusta verður æ sterkari þáttur í atvinnusköpum þjóðarinnar og það gildir um Vestfirði ekki síður en aðra landshluta. Nú hefur iðnaðarráðherra kallað saman neyðarfund og vonandi veit það á gott. En best er að treysta fagmönnum, flugfélögum og gístisölum til þess að sinna sínu starfi með krafti. Við eigum öll mikið undir því.



Hrafnabjörg í Laugardal í Ísafjarðardjúpi. Ljós: © Mats Wibe Lund.

Myndi kosta tæpar 70 þúsund krónur að komast til læknis

María Bjarnadóttir sauðfjárbóndi og ráðskona að Hrafnabjörgum í Laugardal í Ísafjarðardjúpi, segir það kosta sig 60-70 þúsund krónur að komast til læknis á Ísafirði vegna þess að engin akstursþjónusta sé til staðar fyrir íbúa í dreifbýli Súðavíkurhrepps. Hún segir eina kostinn í stöðunni að panta leigubíl frá Ísafirði en sú ráðstöfun kosti álíka mikið og ferð til Spánar. „Læknirinn minn pantaði tíma fyrir mig á Ísafirði en það myndi kosta mig á milli 60-70 þúsund krónur fram og til baka þar sem ég þyrfti að taka leigubíl. Það eru engar samgöngur í boði.“ Sama var upp á teningnum þegar fjölskylda

hennar ætlaði að heimsækja hana.

„Dóttir mín ætlaði að heimsækja mig um páskana með þrjú börn sín en þau hefðu komist til Ísafjarðar og síðan ekki söguna meir því það hefði kostað þau sömu upphæð að komast til mín,“ segir María.

Í upphafi árs samdi Súðavíkurhreppur um akstursþjónustu við íbúa í dreifbýli Súðavíkurhrepps. María segir þá þjónustu einskorðaða við aldraða og öryrkja sem eru með lögheimili í dreifbýli sveitarfélagsins. „Ég hef ekki lögheimili í Súðavíkurhreppi og má því ekki nota þessa þjónustu sem hreppurinn býður upp á, ég er þó það mikill öryrki

og fóturinn á mér er það slæmur að ég get ekki keyrt bíl með bensínjök.“ María segist þó hafa skoðað það á sínum tíma að fjárfesta í ökutæki. „Það kostaði mig það mikið að kaupa mér bíl, t.d. með bensínstýrðu stýri að ég varð að sleppa því.“

Hún segist hafa sætt sig við þetta á páskunum þótt auðvitað hafi hana langað að fá dóttur sína og barnabörn í heimsókn. Hins vegar hafi henni þótt verra að komast ekki til læknis. „Ég þurfti að hringja í heimilislækninn minn og afpanta tímann sem hann pantaði sjálfur fyrir mig þar sem ég hefði ekki efni á því. Ég fékk þau viðbrögð hjá ritaran-

um að ég hlyti að vera skrökva. En ég hef athugað málið og fékk lágmarksgjald hjá leigubílnum og það er á milli 60-70 þúsund.“

Einungis þrír íbúar eru eftir í Laugardal. „Það eru bara við Ragna á Laugabóli og Sigurjón

Samúelsson hér á Hrafnabjörgum eftir í dalnum. Nú er miður sauðburður þannig að Sigurjón getur ekki einu sinni farið með mig á dráttarvélinni þótt hann glaður vildi.“

– thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ

Húsfélag Hlífar (heild) óskar eftir tilboðum í verkið „Hlíf íbúðir aldraðra Ísafirði, þakviðgerðir.“ Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 15. október 2011.

Helstu magntölur:

Þakjárn 1.630m²

Járn á lóðrétta fleti 670m²

Útboðsgögn verða afhent hjá Ísafjarðarbæ Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða opnuð á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu **Þriðjudaginn 7. júní 2011, kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sviðsstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

– kte@bb.is

Vínveitingar í Hamraborg

Vínveitingar eru hafnar í versluninni Hamraborg á Ísafirði. „Þetta er bara aukin þjónusta sem við bjóðum. Nú getur maður fengið sér bjór með hamborgaranum á meðan konan gæðir sér á hvítvínsglasi með pítsunni ef svo ber undir. Mér fannst eftir að hafa skellt mér í Ikea fyrir sunnan og fengið mér hvítvínsglas með sænsku kjötbollunum að það væri komið að Hamraborg að bjóða upp á þetta,“ segir Gísli Elís Úlfarsson, einn eigenda Hamraborgar, aðspurður um málið. Salan hófst um páskana og segir Gísli þessa viðbót við þjónustuna

hafa almennt fengið góðar viðtökur.

Gísli segir að ekki þurfi að gera breytingar á starfsmannahaldi í tengslum við vínveitingaleyfið, en margir unglingar hafa gegnum tíðina fengið vinnu við afgreiðslu í Hamraborg.

„Það verður ávallt starfsmaður á vakt sem er tvítugur eða eldri, sem mun sjá um að afgreiða bjór og vín. Matsalan hjá okkur lokar klukkan tíu á kvöldin og þá verður jafnframt lokað fyrir vínsöluna. Þannig geta þeir sem eru yngri en átján ára enn starfað í Hamraborg eftir klukkan tíu. Það

er mjög mikilvægt að fólk átti sig á því að stefnan er ekki að breyta Hamraborg í öldurhús, alls ekki. Vínveitingarnar eru hugsaðar til þess að auka við þjónustuna í matsölunni og ná til þeirra sem kjósa að fá sér bjór með hamborgaranum. Ég hvet fólk til þess að heimsækja matsöluna í Ikea ef það hefur efasemdir. Þar er skemmtileg fjölskyldustemning líkt og við viljum að ríki í Hamraborg. Hamraborg mun áfram starfa eftir lögum líkt og verslunin hefur gert í 43 ár,“ segir Gísli Elís Úlfarsson.

– kte@bb.is

Keypti „ljótasta húsið“ á Ísafirði


Gunnar Lárus Hjálmarsson, betur þekktur sem Dr. Gunni, keypti nýverið fasteign á Ísafirði í félagi við fjóra vini sína. Fasteignin sem um ræðir er á efri hæð í húsi sem kallað er Sól-skinshöllin. Í viðtali við vef Viðskiptablaðsins, vb.is, segir Dr. Gunni að fjölskyldan hafi langað til að eiga fastan íverustað á Ísafirði. „Konan mín er brottfluttur Ísafirðingur eins og allir hinir,

nema ég.“ Hann segir húsið muni nýtast vel á sumrin og einnig yfir páska hátíðina þegar rokkhátíðin Aldrei fór ég suður fer fram.

„Þetta er efri hæð í ljótasta húsinu á Ísafirði. Þetta er gríðarlega ósjáanlegt hús, en miklu betur á sig komið að innan en utan. Ætlunin er að eiga þetta næstu árin og gera upp smátt og smátt,“ segir Dr. Gunni sem tekur þó fram að húsið haldi vatni og vindi


í dag. Nágrannarnir séu heldur ekki af verri endanum, en íbúð á neðri hæð er í eigu Rúnars Þórs Péturssonar tónlistarmanns. „Ég er að vona að þeir verði mikið á staðnum, Rúnar Þór, Megas og Gylfi,“ segir Dr. Gunni sem kveðst jafnframt hafa gert kostkaup. Fasteignin er um 150 fermetrar og kostaði um fjórar milljónir króna.

– kte@bb.is




Nýi Vestfirðingurinn Dr. Gunni.

Krossgáta *Catalina* og Vestfirðinga.
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.



Lausn á síðustu krossgátu



Tvær súpur og hrökkbrauð

Sælkeri vikunnar býður upp á tvenns konar súpu og heimatilbúið hrökkbrauð. Fyrsta uppskriftin er að bragðgóðri og hollri kjúklingasúpu sem er sérstaklega góð fyrir fólk með hálsbólgu og kvef. Næsta uppskrift er að karrýsúpu sem er sérstaklega fljótleg. Þá má leika sér með uppskriftina og notast við hvaða grænmeti sem til er í ískápnum hverju sinni. Gott er að bera þá súpu fram með naan brauði. Að lokum fylgir uppskrift að brakandi stökku og ljúffengu sólblóma-hrökkbrauði

Kjúklingasúpa sjúklingsins – fyrir 4-6

½ kjúklingur
2 l vatn
2 meðalstórar gulrætur
1 laukur (má sleppa)
2 stykki knorr kjúklingarten-

ingar
2 pk af stafapasta
Hnífsoddur af hvítum pipar
Salt eftir smekk.
Síðan má setja smá tabasco
sósu ef vill (aðeins um ½ tsk)

Sjóðið kjúklinginn í hálf tíma með gulrótunum, lauknum og kjúklingateningunum.

Bragðbætið með salti og hvítum pipar. Takið síðan kjúklinginn af beinunum og skerið í litla bita. Setjið síðan kjúklinginn aftur ofan í pottinn með soðinu og haldið áfram að sjóða í um 20 mínútur með stafapastanu og tabasco sósunni ef vill.

Karrýsúpa

Ólífúolífa
4 stk hvítlausrif
3 cm engifer
2 stk rauð chillialdin
1 msk milt karrímauk (frá

Pataks)
1 dl vatn
2 grænmetisteningar
1 dós kókosmjólk
1 dós tómatar (niðurskornir)
1 sæt kartafla
200 gr sykurertur
1 stk brokkolíhöfuð
Salt og pipar

Pressið hvítlaukinn og afhýðið engifer og skerið mjög smátt. Fræhreinsið chilli-ið og skerið smátt. Skerið grænmetið í hæfilega munnbita. Hitið olíu á pönnu og mýkið hvítlauk, engifer, chilli og karrýmauk. Látið malla í 2-3 mín. Leysið grænmetisteninginn upp í vatninu og bætið þeim út í pottinn ásamt kókosmjólk, tómötum og kartöflum. Látið sjóða í um 5 mín. Bætið sykurertunum og brokkólínu út í og sjóðið áfram í 7-8 mín. Bragðið til með salti og pipar.



Sólblómahrökkbrauð

2 dl vatn
200 g heilhveiti
130 g hveiti
1 tsk salt
2 msk olía
1 msk hunang
1 msk síróp
80 g sólblómafræ og slatti til að láta ofan á

Setjið allt saman í hrærivéla-skál og blandið rólega með króknum í um 6 mín. Hnoðið

deigið létt í höndunum og mótið kúlu. Látið deigið standa í 10 mín. Rúllið þá deigið út ca 3-4 mm þykkt og skerið það niðir í 8 kúlur og fletið út. Penslið með vatni og sáldrið fræjum yfur. Setjið á bökunarplötu og bakið við 210° í um 15-17 mínútur en bökunartíminn fer eftir þykktinni á hrökkbrauðinu.

Ég skora á Jóhönnu Fylkisdóttur á Ísafirði að verða næsti sælkeri vikunnar.



Norrænt sagnaþing haldið að Núpi

Norrænt sagnaþing verður haldið að Núpi í Dýrafirði í sum-ar. „Í heila viku í lok júlí ætla norrænir sagnaþulir að sitja saman í vestfirskri náttúruferð og ræða um listina að segja sögu. Þetta er í níjtjándra sinn sem norrænt sagnaþing er haldið og í annað sinn hér á landi. Núpur í Dýrafirði hentar einkar vel til þessa, á miðju söguviði Gísla sögu Súrssonar. Þar verða haldin námskeið og sagðar sögur á norrænum tungum og reyndar líka ensku því meðal leiðbeinenda eru reyndir sagnamenn, rithöfundar og leikarar frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Íslandi og Bretlands-eyjum,“ segir í tilkynningu.

Sagnalistin hefur fylgt manninum lengi en á undanförnum árum hefur hún notið æ meiri athygli. Það stafar ekki síst af því að menn komust að þeirri niðurstöðu að listin að segja sögu

er grunnur allra bókmennta. Íslendingasögurnar eru fyrst og fremst tilraun til að festa á blað þær sögur sem þjóðin hafði verið að segja allt frá landnámi.

„Sagnamannakvöld hafa notið vaxandi vinsælda og þar hafa sprottið upp góðir sagnamenn sem áður létu sér nægja eldhúsbordæða lúkar sem vettvang. Svo hafa menn komist að því að sagan er til ýmissa hluta nýtsamleg. Hana má nota sem miðlun á reynslu og þekkingu til nýrra kynslóða, hún er listform sem nýta má við uppeldi og í atferlismeðferð og síðast en ekki síst er hún skemmtileg,“ segir í tilkynningu.

„Sagnaþulur/pula les ekki sögu heldur er sagan eigin upplifun, lærð af bók eða munnmælum og síðan túlkuð og gefin áfram. Saga sagnaþular er því aldrei eins. Hún getur breyst eftir því hverjum

hún er sögð, hverjar aðstæður eru þegar hún er sögð, og jafnvel hvernig liggur á þeim sem segir söguna í það og það skiptið.“

Á norrænu sagnaþingunum sitja menn á námskeiðum á daginn og njóta leiðsagnar kennara en á kvöldin eru sagðar sögur, hlustað á sögur, sungið og glaðst í góðum hópi. Þingið fer fram dagana 24.-30. júlí. Það er sett á sunnudegi, námskeið hefjast á mánudegi og þeim lýkur á föstudagskvöldi með hátíðarkvöldverði. Haldið er heim eftir morgunverð á laugardegi. Um miðja vikuna verður farið í skemmtiferð með leiðsögn á söguslóðir Gísla Súrssonar.

Námskeið, kvöldvökur, fullt fæði og gisting í tveggja manna herbergjum er innifalið í þátttökgjaldinu. Umsókn og greiðsla þarf að hafa borist fyrir 24. júní. Athugið að takmarkaður fjöldi

þátttakenda er á hvert námskeið.

styrkt af Menningarráði Vest-Ping norrænna sagnaþula er fjarða og Nordisk kulturfond.



TOP N+ ... betra gler
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Fermingarrúm

Fermingargjöf frá okkur:

Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.



Svíf þú inn í Svefninn



Alþjóðleg viðurkenning
fyrir framúrskarandi
árangur í framleiðslu á
rúmum og springdýnum



Úrval fylgihluta:

Rúmteppi, púðar, pífur,
sængurverasett, dýnuhlífar,
náttborð og fleira.

Eftir þínu höfði:

RB-rúmin og gaflar eru sérsníðuð eftir þínum
óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og
lit á gafl og botni.

RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja
sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

Opið alla virka daga frá 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is



VELJUM ÍSLENSKT

